



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2020

ENSK1HF05 Hagnýt enska - fornam

Kennari:	Stefán Hannesson	Sk.st.	SHA
-----------------	-------------------------	---------------	------------

Áfangalýsing:

Áhersla verður lögð á að efla sjálfstraust, sjálfstæði og vinnubrögð nemenda. Unnið verður með fjölbreytt verkefni með áherslu á grunnþættina fjóra, lestur, ritun, hlustun og tjáningu. Skerpt verður á þeim hæfnimarkmiðum sem sett eru við lok grunnskóla.

Undanfari: Einkunn D við lok grunnskóla

Þekkingarviðmið:

Nemendur skulu þekkja og skilja:

- þann orðaforða sem er nauðsynlegur til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins
- grundvallarþætti málkerfisins
- formgerð og byggingu texta og mismun á töluðu og rituðu máli

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilja talað mál um kunnuglegt efni þegar talað er skýrt og áheyrilega
- lesa ýmiss konar texta á eigin áhugasviði eða texta um kunnugleg efni
- taka þátt í almennum samræðum um efni sem hann þekkir eða hefur áhuga á
- skrifa samfelldan texta um efni sem hann þekkir eða hefur áhuga á og nota viðeigandi málfar
- fara eftir grundvallarreglum sem gilda um ritað mál
- nota upplýsingatækni og hálpargögn í tungumálanámi sínu

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- fylgjast með frásögnum og erindum og ná aðalatriðum úr fjöl- og myndmiðlum ef efnið er kunnuglegt
- tileinka sér aðalatriðin í stuttum tímarits- eða blaðagreinum og draga ályktanir af því sem hann les
- lesa sér til ánægju og þroska skáldskap af hæfilegu þyngdarstigi og tjá skoðun sína á honum
- miðla eigin þekkingu, skoðunum og tilfinningum sem og persónulegri reynslu, vonum og væntingum
- skrifa um atburði, ímyndaða og raunverulega
- skrifa samantekt byggða á tilteknu efni, s.s. kvikmynd eða blaðagrein, skrifa um hugðarefni sín og áhugamál

Námsefni:

Tekið saman af kennara og nemendum

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil verður birt í kennsluumhverfinu og nemendur búa einnig til sína eigin áætlun með aðstoð kennara.

Sérreglur áfangans:

- ✓ Ætlast er til að nemendur fylgist stöðugt með upplýsingum í kennsluumhverfinu, sýni sjálfstæði í vinnubrögðum og beri ábyrgð á eigin námi.
- ✓ Notkun snjallsíma, spjaldtölva eða annarra tækja í kennslustundum er óheimil nema í tengslum við úrvinnslu verkefna í samráði við kennara.
- ✓ Nemendur skulu mæta stundvíslega í alla tíma, minna kennara á viðveruskráningu í lok tíma komi þeir of seint og fylgjast með í Innu. Nemendur sem mæta 20 mínútum eftir upphaf tímans eða seinna fá skráða fjarvist í Innu.
- ✓ Skilaskylda er á öllum verkefnum. Gefin er einkunnin 0/núll fyrir próf eða verkefni sem ekki er tekið eða skilað nema skráð viðurkennd forföll komi til (L, V eða W í Innu) og þreyta nemendur þá próf í lok annar. Athugið að þessar reglur gilda einnig um nemendur sem hafa rýmri mætingarreglur og verða þeir að mæta í próf/tímaverkefni. Nemendur sem eru fæddir 2000 eða fyrr, og þurfa á rýmri mætingakröfum að halda, ganga frá samningi um mætingar og verkefnaskil í upphafi annar.
- ✓ **Ekki er tekið við skilaboðum á Facebook**, einungis í tölvupósti.
- ✓ Nemendum er óheimilt að óska eftir dreifnámi. Kennari tilkynnir um möguleika á dreifnámi ef tilefni gefst.

Fyrirkomulag námsmats:

Námsspáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Vinna í Headway – málfræði og orðaforði	Kaflapróf og próf úr öllum köflum	30%
Literacy Planet		15%
Kvikmyndaverkefni	Skriflegt og munnlegt verkefni	5%
Lokaverkefni/próf		15%
Lestrarverkefni		5%
Ritun		5%
Verkefnamappa: Í möppuna safna nemendur saman ýmsum sérvöldum verkefnum frá önninni: td. orðalistar og verkefnablöð í Headway, dagbók, ritun og fleira.	Skilað undir lok annar	25%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfossi, 7. janúar 2020

Kennari: Stefán Hannesson (stefanhannesson@fsu.is)